

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökuspjódgarðs - suðursvæði 6. fundur

6. fundur

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **mánudaginn, 31. mars 2008** á Smyrlabjörgum í Suðursveit **kl. 11:00**.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Guðrún Ingimundardóttir, Sigurlaug Gissurardóttir og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður. Skúli Skúlason boðaði forföll.

1. Verndaráætlun

Lögð fram drög að verksamningi við Háskólasetrið á Hornafirði. Svæðisráðið fjallaði ítarlega um samninginn og gerði nokkrar breytingar. Í umræðum um samninginn var rætt um hvort hugtakið stefnumótun lýsi betur því verkefni sem kallað er verndaráætlun. Einnig var lögð áhersla á gott samstarf við alla hagsmunaaðila og á það bent að 5. gr. í samningi taki á því.

Svæðisráðið samþykkir samninginn fyrir sitt leyti með áorðnum breytingum. Rætt um nauðsyn þess að koma upp kortagrunni sem nýtist öllum svæðum þjóðgarðsins og að gætt verði að samræmingu á milli svæða.

Svæðisráð leggur til að gerð verði fjárhagsáætlun fyrir verkefnið áður en vinna að gerð verndaráætlunar hefst. Þá leggur svæðisráð áherslu á að tímasett verkáætlun verði unnin og byggi á 3.gr. samningsins. Formanni falið að fylgja þessu eftir.

2. Hugmynd að ráðstefnu um atvinnulíf og þjóðgarð

Lögð fram drög að dagskrá ráðstefnu um atvinnulíf og þjóðgarða sem ráðgert er að halda að Smyrlabjörgum í Suðursveit í haust. Ráðstefnan yrði í samstarfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ríki Vatnajökuls ehf. og etv. fleiri. Stefnt er að því að fá erlenda fyrirlesara.

Svæðisráðið felur formanni að vinna áfram að undirbúningi ráðstefnunnar.

3. Framkvæmdaáætlun

Rætt um nauðsynlegar framkvæmdir á suðursvæði þjóðgarðsins næstu fimm árin. Þá var rætt um nauðsyn þess að setja upp skilti við áningarstaði og vegslóða sem liggja inn í þjóðgarðinn. Svæðisráðið mælir með að gengi verði til samninga við fyrirtæki í heimabyggð sem sérhæfa sig í skipulagningu áningarstaða um verkið. Svæðisráðið telur að leiðir að eftirtöldum svæðum og jöklum þurfi að merkja sem fyrst og að stefna beri að því að ljúka því á þessu ári:

- Háöldukvísl

- Svínafellsjökull
- Kvíarmýrarkambur
- Fjallsárlón
- Jöklavegur
- Fláajökull
- Hoffellsjökull.

Svæðisráð leggur til að á hverju skilti verði upplýsingar um hvert svæði og texti um hvað ber að varast, sími í upplýsingamiðstöð o.s.frv. Einnig þarf að taka fram að fólk sé á eigin ábyrgð.

4. Viðræður við landeigendur

Hjalti sagðist hafa heyra frá þremur landeigendum sem eru að semja við þjóðgarðinn um landeigendur. Svæðisráðið óskar eftir að fulltrúi ráðuneytis og framkvæmdastjóri stjórnarinnar mæti á næsta fund svæðisráðs til að gera grein fyrir samningaviðræðum við landeigendur á Suðursvæði.

5. Önnur mál

· Rætt um deiliskipulagsvinnu fyrir Skaftafell og hvenær rétt væri að fara með það í formlegt ferli. Svæðisráðið lagði til að uppdráttur yrði sendur til byggingarfulltrúa.

6. Vettvangsferð á Heinabergssvæðið

Fundinum lauk með skoðanaferð um Heinabergssvæðið.

Fundi slitið kl. 14.10.

Fundi slitið 15.00.